



# Ráðningarsamningur

Vopnafjarðarhreppur, kt. 710269-5569 og Valdimar O. Hermannson, kt. 110660-3599 gera með sér svohljóðandi ráðningarsamning.

## Ráðningarsamningur

Valdimar O. Hermannsson er ráðinn sem sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps það sem eftir lifir kjörtímabils 2022-2026 með eftirfarandi kjörum og skilmálum.

## Ráðningartími

Sveitarstjórn ræður Valdimar O. Hermannsson sem sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps. Sveitarstjóri tekur til starfa 1. júní 2024 með þeim réttindum og skyldum er starfinu fylgja.

## Starfssvið

Starfssvið sveitarstjóra er samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, reglum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Vopnafjarðarhrepps með þeim breytingum sem á þeim kunna að verða.

Sveitarstjóri er starfsmaður sveitarstjórnar og starfar með sveitarstjórn að framgangi þeirra mála sem ákveðin eru hverju sinni og til falla. Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsfólks sveitarfélagsins og skal sjá um að stjórnýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Sveitarstjóri fer með daglega stjórn sveitarfélagsins, fjármálastjórn, starfsmannahald og er ábyrgur fyrir því að fjárhags- og framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins sé fylgt eftir.

Náið samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar og hreppsráðs. Sveitarstjóri undirbýr í samráði við oddvita sveitarstjórnar fundi.

Sveitarstjóri annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa. Gætir að hagsmunum sveitarfélagsins út á við, vinnur að framfaramálum þess og er talsmaður sveitarstjórnar. Framfylgir stefnu og framtíðarsýn sveitarstjórnar í málefnum sveitarfélagsins.

## Starfskjör

Sveitarstjóri fær greidd föst mánaðarlaun nú kr. 1.075.739,- og taki þau breytingum í samræmi við þróun launa skv. kjarasamningi milli launanevndar sveitarfélaga og félags opinberra starfsmanna á Austurlandi.

Föst yfirvinna er 20 tímar á mánuði og greiðist með 1,0385% af launum.

Sveitarfélagið greiðir fastan starfskostnað kr. 30.000,- á mánuði. Skal sú greiðsla vera fyrir afnot af síma sveitarstjóra og nettengingu á heimili sveitarstjóra.

Fyrir akstur á eigin bifreið í þágu starfsins fær sveitarstjóri greitt samkvæmt kílómetragjaldi sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd ríkisins á hverjum tíma. Sveitarstjóri metur sjálfur þörf á akstri í þágu starfsins en oddviti sveitarstjórnar staðfestir akstursskýrslur hans.

Sveitarstjóri fær greiddan ferðakostnað skv. dagpeningum ríkisstarfsmanna eins og þeir eru hverju sinni ef við á.

Önnur atriði sem ekki eru tiltekin skal fara með samkvæmt gildandi kjarasamningum launanevndar sveitarfélaga og félags opinberra starfsmanna á Austurlandi og svo lögum um réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga eftir því sem við á hverju sinni.

## Virkur vinnutími

Þó svo að vinnutími sé óreglulegur vegna eðli starfsins þá skal miðast við að virkur vinnutími á skrifstofu sé að öllu jöfnu frá kl. 08:00 til 16:00 virka daga og skal sveitarstjóri bjóða upp á viðtalstíma innan þess tíma.

## Orlof

Orlofsréttur sveitarstjóra er 30 virkir dagar á ári. Sé óskað eftir að orlof sé tekið utan hefðbundins orlofstíma skal það gert í samráði við oddvita sveitarstjórnar.

## Gildistími og uppsagnarákvæði

Samningur þessi tekur gildi þann 1. júní 2024 og miðast við starfstímabil núverandi sveitarstjórnar.

Verði starfslok hjá sveitarstjóra að hans eigin ósk á ráðningartímanum er uppsagnarfrestur þrjú mánuðir. Verði hins vegar starfslok vegna uppsagnar af hálfu sveitarstjórnar á ráðningartímanum er sex mánaða

AOS



uppsagnarfrestur. Segi sveitarstjórn samningi upp mun ekki verða krafist vinnuframlags sveitarstjóra í uppsagnarfresti.

Við lok samningstíma öðlast sveitarstjóri rétt til eins mánaðar biðlauna frá starfslokum. Mánaðarleg biðlaun samsvara umsömdum launum samkvæmt samningi þessum.

### Önnur atriði

Sveitarstjóri skal búa og eiga lögheimili í Vopnafjarðarhreppi.

Vopnafjörður 1. júní 2024

  
Valdimar O. Hermannsson

  
Oddviti Vopnafjarðarhrepps